



Fréttatilkynning

12 July 2022 08:50:00 GMT

## Moody's veitir Arion banka A3 lánsþæfismat innlána og Baa1 lánsþæfismat útgefenda skuldabréfa með jákvæðum horfum

Alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service hefur veitt Arion banka A3 langtíma og Prime-2 skammtíma lánsþæfismat á innlánnum í erlendum og innlendum gjaldmiðlum og Baa1 lánsþæfismat fyrir Arion banka sem útgefanda óveðrþryggðra skuldabréfa. Langtíma lánsþæfismat innlána og lánsþæfismat bankans sem útgefanda eru með jákvæðum horfum.

Lánsþæfismatið endurspeglar sterka eiginfjárstöðu Arion banka sem m.a. kemur fram í traustu vogunarhlutfalli (e. leverage ratio), ásamt góðri og batnandi arðsemi af kjarnastarfsemi, lágu hlutfalli vanskilalána og fullnægjandi lausafjárstöðu. Framangreindir þættir vega á móti áhættu vegna einstakra lántaka, landfræðilegri samþjöppun, markaðsáhættu og því að bankinn fjármagnar sig reglulega á skuldabréfamörkuðum.

Jákvæðar horfur endurspeglar bætt áhættusnið bankans og væntingar Moody's um minni sveiflur í arðsemi hans á næstu 12-18 mánuðum.

### **Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka**

„Moody's veitir nú Arion banka lánsþæfismat í fyrsta sinn og erum við mjög ánægð með niðurstöðuna. Lánsþæfismatið byggir á góðri arðsemi sem mynduð er á breiðum tekjugrunni m.a. frá eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf og tryggingastarfsemi auk vaxtatekna af hefðbundinni bankastarfsemi. Auk þess bendir Moody's sérstaklega á sterka eiginfjárstöðu, lágt hlutfall vanskilalána og lausafjárstýringu sem styrkleika í lánsþæfismati bankans. Einnig er sérlega ánægjulegt að lánsþæfismatið er með jákvæðum horfum.“

### **Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jensson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jensson@arionbanki.is), s. 856 7468, eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760



## Viðhengi

---

[Moody's veitir Arion banka A3 lánsþæfismat innlána og Baa1 lánsþæfismat útgefenda skuldabréfa með jákvæðum horfum](#)  
[Rating Action Moodys Assigns First Time Long Term Deposit Ratings Of A3 And Issuer Ratings O 12Jul22](#)